

Alþingi  
Erindi nr. P 140/1582  
komudagur 20.3.2012



Einkaleyfastofan  
Icelandic Patent Office

**Minnisblað**

**Til:** Efnahags- og viðskiptaráðuneytis – Þóru Hjaltsted, skrifstofustjóra og  
Jóns Ögmundar Þormóðssonar, skrifstofustjóra  
**Frá:** Einkaleyfastofu – Borghildi Erlingsdóttur, forstjóra

Reykjavík, 28. febrúar 2012

**Efni: Kostnaðarútreikningur vegna nýrra gjaldaliða samkvæmt frumvarpi til lagum um breytingu á vörumerkjalögum nr. 45/1997.**

Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vörumerki nr. 45/1997, með síðari breytingum, er lagt til að innheimt verði gjald fyrir endurupptöku umsókna og skráninga, hlutun umsókna og skráninga, andmæli og kröfu um stjórnarsýslulega niðurfellingu.

Þegar beiðni um endurupptöku umsóknar eða skráningar og/eða hlutun umsóknar eða skráningar berst mun eftirfarandi ferli eiga sér stað:

Beiðni er móttækin, innskönnuð og bókun færð í rafrænt skjalavistunarkerfi, reikningur eða greiðsluseðill er útbúinn og greiðsla móttækin. Því næst er málið sent sérfræðingi á vörumerkjasviði til athugunar á málsgögnum og því hvort formaskilyrðum sé fullnægt. Að því loknu fer lögfræðingur efnislega yfir gögnin og kallar eftir frekari gögnum sé þess þörf. Sé öllum skilyrðum fullnægt á sér stað innfærsla í vörumerkjaskrá og í sumum tilvikum birting í ELS-tíðindum.

Þegar andmæli eða krafa um stjórnarsýslulega niðurfellingu berst fer eftirfarandi ferli í gang:

Beiðni er móttækin, innskönnuð og bókun færð í rafrænt skjalavistunarkerfi, reikningur útbúinn og greiðsla móttækin. Þá er málið sent sérfræðingi á vörumerkjasviði til athugunar á málsgögnum. Eiganda er tilkynnt um framkomin andmæli/ kröfu um stjórnarsýslulega niðurfellingu og er jafnframt sent afrit af andmælunum/kröfunni. Einkaleyfastofan sendir aðilum afrit af bréfum ELS sem og af gögnum /bréfum aðila. Lögfræðingur úrskurðar á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Annar lögfræðingur og yfirlögfræðingur prófarkalesa úrskurðinn áður en hann er kynntur aðila máls og auglýstur í ELS-tíðindum. Úrskurðurinn er birtur á heimasíðu Einkaleyfastofunnar.

Að ofangreindu ferli koma starfsmenn móttöku, skjalastjóri, fjármálastjóri og sérfræðingar á vörumerkjasviði, lögfræðingar og yfirlögfræðingur auk kerfisstjóra og ritstjóra ELS-tíðinda.

Á grundvelli þeirrar vinnu sem að baki úrvinnslu hvers erindis liggur og með vísan til kostnaðarútreikninga byggðum á rekstrarkostnaði Einkaleyfastofunnar eru eftirfarandi gjaldaliðir lagðir til:

- Beiðni um endurupptöku skv. 3. mgr. 19. gr. eða 2. mgr. 27. gr. frumvarpsins: 8.000

- Beiðni um hlutun skv. 1. mgr. 24. gr. a. eða skv. 2. mgr. 24. gr. a. frumvarpsins: 15.000
- Tilkygning um andmæli, sbr. 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins: 30.000
- Beiðni um stjórnsýslulega niðurfellingu, skv. 28. gr. frumvarpsins: 30.000

Gert er ráð fyrir því að vinna að baki úrvinnslu á beiðni um endurupptöku umsóknar eða skráningar nemi 1 ½ - 2 klst. sem samsvarar 8.900 – 10.900 kr. kostnaði.

Gert er ráð fyrir að vinna að baki úrvinnslu á beiðni um hlutun umsóknar eða skráningar geti numið allt að 3 klst. eða 17.800 kr.

Gera má ráð fyrir að vinna að baki andmælum og kröfu um stjórnsýslulega niðurfellingu verði sambærileg, eða að jafnaði í kringum 10 klst. eða 58.000 kr.

Af framangreindu er ljóst að þau gjöld sem lagt er til að verði innheimt fyrir ofangreinda þjónustu eru ekki hærri en kostnaður Einkaleyfastofunnar vegna vinnu við hvert og eitt erindi.

Reykjavík, 28. febrúar 2012 <sup>endursk.</sup>

**Efni: Athugasemdir vegna breytingar á 12. gr. frumvarps, sbr. þingskjal 296, frá frumvarpi sem lagt var fram árið 2010, sbr. þingskjal nr. 1162 – 654. mál.**

Þegar frumvarpið var lagt fram árið 2010 var lögð til sú breyting á 1. mgr. 35. gr. laganna að í stað orðanna „skal hafa umboðsmann búsettan hérlandis“ í 1. mgr. 35. gr. laganna kæmi: skal hafa umboðsmann búsettan á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Breytingin var í samræmi við nágildandi ákvæði laga um einkaleyfi nr. 17/1991 með síðari breytingum og ákvæði laga um hönnun nr. 46/2001 með síðari breytingum.

Eftir að frumvarpið var lagt fram í þeirri mynd barst Einkaleyfastofunni óformleg ábending þess efnis að ákvæðið fæli í sér mismunun og væri andstæð jafnréttisreglu stjórnarskráar Lýðveldisins Íslands. Nefna má eftirfarandi dæmi því til stuðnings:

Aðili sem getur tjáð sig á íslensku og er búsettur innan Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum þarf að tilnefna umboðsmann til að leggja inn umsókn og getur sá aðili verið búsettur í sama landi og hann sjálfur. Ekki eru gerðar neinar kröfur um menntun umboðsmanna og getur því hver sem er verið umboðsmaður. Viðkomandi aðili getur því í raun tilnefnt maka sinn sem umboðsmann og hann lagt inn umsóknina fyrir hönd hans, svo framarlega sem samskipti hans við Einkaleyfastofuna eru á íslensku.

Ef upprunalegt ákvæði er samþykkt óbreytt myndi það m.a. hafa í för með sér mismunun gagnvart íslenskum aðilum sem búsettir eru erlendis. Þeir gætu ekki lagt inn umsókn hér á landi án þess að tilnefna umboðsmann. Umboðsmaðurinn yrði að svara fyrir hann ef Einkaleyfastofan myndi gera athugasemdir við skráningu vörumerkisins, með tilheyrandi kostnaði, þó svo að aðilinn sjálfur væri full fær til þess.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókunar 28 við EES samninginn skulu samningsaðilar aðlaga löggjöf sína um hugverk þannig að hún samrýmist meginreglunum um frjálsa dreifingu á vörum og þjónustu og því stigi í verndun eignarréttinda á sviði hugverka sem náðst hefur í lögum bandalagsins, einnig fullnustustigi þessara réttinda. Í niðurstöðu Evrópusdómstólsins frá 31 janúar 1984 í málum 286/82 og 26/83 Luisi and Carbone gegn Ministero del Tesoro [1984] ECR 377<sup>1</sup>, kemur fram að í frjálsri dreifingu á þjónustu felist

<sup>1</sup> the Court held that the freedom to provide services includes the freedom for the recipients of services to go to another Member State in order to receive a service there, without being obstructed by restrictions, and that tourists, among others, must be regarded as recipients of services.

jafnframt frelsi fyrir notenda þjónustunnar til að fara til annars aðildarríkis í þeim tilgangi að fá þjónustu þar, án þess að sæta hindrunum, og að líta beri á ferðamenn, ásamt öðrum sem notendur þjónustu.

Samkvæmt framkvæmd og væntanlegri breytingu á lögunum er samskiptamál Einkaleyfastofunnar íslenska. Ef að aðili búsettur innan EES talar íslensku og er staddur hér á landi vill leggja inn umsókn þá yrðu aðrar kröfur gerðar til hans en erlends aðila sem búsettur væri hér á landi sem jafnframt talar íslensku. Samkvæmt framangreindu sæta þessir aðilar mismunum sem er andstæð EES-reglum enda uppfylla aðilar báðir þær kröfur sem gerðar eru til meðhöndlun umsókna, þ.e. að samskipti þurfa að vera á íslensku.

Einkaleyfastofan taldi því brýna þörf á að ákvæðinu yrði breytt með þeim hætti sem tilgreint er í þingskjali því sem nú er til umræðu, eða að eigandi vörumerkis sem ekki hefur lögheimili á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum þurfi að hafi umboðsmann búsettan á einhverju framangreindra landsvæða. Markmiðið með þessari breytingu var að eyða framangreindri mismunum milli aðila.

Með hliðsjón af ofangreindu þarf jafnframt að leiðrétta ákvæði um umboðsmannaskyldu í lögum um hönnun og lögum um einkaleyfi til samræmis við framangreinda breytingu.



**Fs.: Vörumerkjafrv. Aths. v. viðbótarumsagnar Félags umboðsmanna  
vörumerkja og einkaleyfa  
EVR11100062**

Jón Ögmundur Þormóðsson til: borghildur  
Cc: Póstur EVR

28.02.2012 15:19

Kveðja / Regards  
Jón Ögmundur Þormóðsson

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti / Ministry of Economic Affairs  
Skuggasundi 3, 150 Reykjavík, Iceland.  
Sími/ Telephone: + 354 545-8800 Netfang / Email: jon.ogm.thormodsson@evr.is  
<http://www.evr.is> / <http://www.mea.is>

Fyrirvari/Disclaimer

----- Forwarded by Jón Ögmundur Þormóðsson/EVR/NotesSTJR on 28.02.2012 15:18 -----

From: Jón Ögmundur Þormóðsson/EVR/NotesSTJR  
To: eirikure@althingi.is  
Date: 28.02.2012 15:18  
Subject: Vörumerkjafrv. Aths. v. viðbótarumsagnar Félags umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa

Að höfðu samráði við Einkaleyfastofuna vil ég undirstrika að með breytingu á 35. gr. vörumerkjalaga í 12. gr. frv. er leitast við að tryggja efndir á EES-samningnum. Nánar vísast til athugasemda. Að óbreyttum lögum varðandi umsókn á Íslandi þyrfti umsækjandi, sem búsettur væri á Íslandi, ekki að fá sér umboðsmann en umsækjandi, sem búsettur væri annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu, t.d. Íslendingur í Danmörku, þyrfti að fá sér umboðsmann. Sé villa á ferðinni sýnist hún vera í gildandi lagaákvæði en ekki í frumvarpsákvæðinu.

Sendum gjaldaupplýsingar strax og auðið er.

Kveðja / Regards  
Jón Ögmundur Þormóðsson

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti / Ministry of Economic Affairs  
Skuggasundi 3, 150 Reykjavík, Iceland.  
Sími/ Telephone: + 354 545-8800 Netfang / Email: jon.ogm.thormodsson@evr.is  
<http://www.evr.is> / <http://www.mea.is>

Fyrirvari/Disclaimer